

ÚTLIT NORÐ AUSTUR 1:100



ÚTLIT SUÐ VESTUR 1:100



ÚTLIT SUÐ VESTUR 1:100



ÚTLIT SUÐ VESTUR 1:100



Samþykkt þann
26. OKT. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Miðvikudagur

Skýringar

GN	=	Gólfniðurfall
LR	=	Loftræsting
BO	=	Björgunarop
SL	=	Handslökkvitæki
ÞN	=	Þakniðurfall
R	=	Reykskynjari
NL	=	Neyðarljós
⇨ út	=	Merktur útgangur
	=	Brunaslanga
!	=	Stjórnstöð "Brunaviðvörunarkerfi"
Inntök	=	Inntök veitna

G=31.4

BYGGINGARLÝSING/GREINAGERÐ
Dofrahella 1, mhl 01. Landeignarnúmer L213112
Gert er ráð fyrir 19 bílastæðum. Bílastæðin
eru 6m breið og uppfylla kröfur fyrir bílastæði fatlaðra. Skv.
skilmálum deiliskipulags er krafa um 16 bílastæði og því er
þeirri kröfu fullnægt. möguleiki á rafhleðslustöðum verður við hvert
bílastæði
Stærð lóðar: 5450.9m²
Stærð húss: 1830.6m² og 8934.2m3
Nýtingarhlutfall: 1830.6/5450.9 = 0.33

Almenn lýsing á burðarkerfi:
Undirstöður og botnplata verða úr járnbentri steinsteypu.
Meginburðargrind hússins verður límtré með stál
festingum sem eru boltaðar niður í sökkul
Allar stálfestingar eru heitgalvaníseraðar.
Allt milliburðarvirki, þakásar og annað
er einnig úr límtré.

Gerð og frágangur þaks og útveggja ásamt litavali:
Þak: Ofan á stálgrind í þaki koma 120 mm þykkar
samlokueiningar með PIR
einangrunarkjarna og trapísulaga form að ofanverðu.
Litur ystu þakklæðningar er dökkgrár.
Útveggir: 120 mm þykkar samlokueiningar með PIR einangrunarkjarna.
Litur dökkgrár.
Gluggar og gönguhurðir úr Álí. Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler
(einangrunargler).

Einangrun og U-gildi:
Sökkulveggir: 75 mm plast-einangrun,botnplata er óeinangruð.
Í öllum gluggum er amk. tvöfalt k-gler.
U-gildi > sjá töflu: U-gildi fyrir byggingarhluta.

Gerð innveggja og innihurða, hljóðeinangrun og brunavörn:
Skilveggir verða úr 100mm þykkum steinullareiningum með
Brunamótstöðu: EI60 og EI90 milli meginbrunahólfa.

Lagnaleiðir, upphitun og loftræsing:
Upphitun verður með gólfhitakerfi, innsteypt í gólfplötu.
Neysluvatnslagnir eru innsteyptar í gólfplötu og einnig í veggjum.
Kalt vatn skal lagt undir botneinangrun.
Viðeigandi búnaður skal settur upp við inntök til að koma í veg fyrir að hiti
neysluvatns fari yfir 60°C á töppunarstað sé hitastig vatns við inntak hærra.
Raflagnir eru ýmist innsteyptar í gólfi og/eða utandáliggjandi á veggjum/lofti.
Fram kemur á teikningum hvar niðurfoll eru staðsett.
Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum.
Loftræsing skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð.
Almenn loftræsing verður um opanleg fög í gluggum.

Hljóðvistarkröfur:
Húsið heyrir undir og uppfyllir hljóðvistarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016.

Öryggisbúnaður:
Slökkvitæki verður í hverju hólfi ásamt út- og neyðarlýsing. Reykskynjari í
hverju bili, a.m.k. einn á hverja 80m²

Tæknibúnaður:
Gert skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hverja starfseiningu.

Aðgengi og algild hönnun:
Notkun hússins er uppfyllir hönnun fyrir algilda hönnun, nema millilloft sem eru
í tveim bilum.

Frágangur lóðar:
Lóð verður malbikuð að hluta, með vatnshalla að niðurföllum og bílastæði merkt.

Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:
Sorphirðu er háttað samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.
Sameiginlegt sorpgerði er inn á lóð

Aðrar sértækar aðgerðir:
"Húsnæðið er skilgreint sem geymslur .
Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr.93/1995
m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.
í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis heilbrigðiseftirlits.
Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun
heilbrigðiseftirlits.

Frávik, húsið fer út fyrir byggingarreit á norðaustur horni hússins. 1.89X2.21m

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 22-129) í september 2022 fyrir Dofrahellu 1, Hafnarfirði.
Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, gr. 9.2.2 liður b.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar - notkunarskilmálar.
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða geymslur í notkunarflokki 1 sem eru ekki með fasta viðveru. Gert er ráð fyrir hámarksbrunaálagi 800 MJ/m^2 í hverju bili með takmarkaðri eldhættu. Rýmin eru með einni flóttaleið nema endabil og því er nýting þeirra með takmörkunum í samræmi við grein 9.5.4 í byggingarreglugerð og leiðbeiningu HMS nr. 9.5.4.

Brunahólfun
Húsið er samtals um 1815 m^2 sem skiptist í tvö meginbrunahólf, um 900 m^2 hvort.
Hvort meginbrunahólf um sig skiptist í 10 og 8 brunahólf.
Brunahólfandi veggir verða EI90 milli meginbrunahólfa en EI60 milli einstakra brunahólfa. Um verður að ræða steinullarsamlokueiningar milli bíla.
Meginútfærslur vegna PIR útveggja og þaka:
Klætt verður neðan á þakeiningar í bilum 104, 105, 116 og 115 og innan á útveggi og þak í meginhólfunarskilum með 15 mm eldvarnargipsi (a.m.k. 50 sm) svo þak og veggir uppfylli a.m.k. EI60 sitt hvorum megin við meginhólfunarskil.
Almennt verður klætt innan á veggi og þak við brunaskil með a.m.k. 50 sm gipsrenningum (13 mm gips) til að tryggja a.m.k. EI60 brunahólfun milli bíla.
Inntaksrými verður sér brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður límtré sem uppfyllir a.m.k. R60 en R90 í meginhólfunarskilum.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R30.
Milligólf uppfyllir a.m.k. REI60.

Klæðningar
Útveggja og þakeiningar uppfylla flokk B,s2-dO skv. ÍST EN 13501-1.
Útveggja- og þakeiningar eru af gerðinni PIR og uppfylla a.m.k. EI15.
Steinullareiningar milli bíla eru í flokki A2,s1-dO.
Gólfefni eru a.m.k. í flokki Cfl-s1.

Flóttaleiðir
Ein flóttaleið er frá hverju bili beint út.
Rökstuðningur: Um er að ræða geymsluhúsnæði sem verður ekki með fasta viðveru. Bilin teljast uppfylla grein 9.5.4 í byggingarreglugerð sem og leiðbeiningu nr. 9.5.4.
Endabil eru með tvær flóttaleiðir sem eru óháðar að hluta til.
Frá milliloft er innan við 30 metrar í útihurð skv. reiknireglum leiðbeiningu HMS (2x10m+8m).

Reykskynjari
Í hverju bili skal vera a.m.k. einn reykskynjari fyrir hverja 80 m^2.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um vöruhurðir, hurðir og glugga.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu staðsett við útihurðir, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Neyðarlýsing
Neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838,
ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með 0,5 lux í hverju bili og tæknirými og a.m.k.
sjálflýsandi útskilti við útihurðir skv. ISO 16069.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er góð kringum húsið. Reiknuð slökkvivatnsþörf er um 2700 l/mín skv.
leiðbeiningum HMS.

SHS
22. okt. 2022

Smári Björnsson
SÍMI: 868 1300
NETFANG: smari.bjornsson@gmail.com
kt: 100275 5899

HEITI VERKS:	DOFRAHELLA 1		
HEITI TEIKNINGAR:	Aðaluppdráttur ÚTLIT, AFSTAÐA, LÝSING		
MKV: 1/100	DAGS. 23.07.22	A1	NR. TEIKN 1
UNDIRSKR.HÖNNUÐAR			ÚTGÁFA